

Svar

fjármálaráðherra við fyrirspurn Vigdísar Hauksdóttur um Icesave-reikninga o.fl.

1. *Hver undirritaði viljayfirlýsingu/samkomulag við Hollendinga vegna Icesave-reikninganna í október 2008?*

Baldur Guðlaugsson, fyrir hönd fjármálaráðuneytisins, Áslaug Árnadóttir, fyrir hönd Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta, og Ronald van Roeden, sendiherra Hollands í Ósló, fyrir hönd Hollands. Skjalið hefur verið gert opinbert og má nálgast á upplýsingasíðu stjórnvalda (skjal nr. 11) www.island.is.

2. *Hafa íslensk stjórnvöld undir höndum lögfræðilega úttekt eða álit um það að íslensk stjórnvöld hafi ekki greiðsluskyldu vegna Icesave-reikninganna umfram það sem er í Tryggingarsjóði innstæðueigenda og fjárfesta?*

Íslensk stjórnvöld hafa látið vinna ýmsar greinargerðir um þetta efni. Í álitum Schjöldt-lögmannsstofunnar í Brussel frá október 2008 segir að því megi halda fram að ríkið verði ekki gert ábyrgt fyrir því að innstæðukerfi virki ekki ef það hefur sett slíkt kerfi á fót eftir bestu getu. Stefán Geir Þórisson lögmaður kemst hins vegar að andstæðri niðurstöðu í álitum frá 8. nóvember 2008. Þessi lögfræðialit og önnur eru aðgengileg á upplýsingasíðu stjórnvalda (skjöl nr. 14–24) www.island.is.

3. *Hvert er innihald bréfs sem fjármálaráðherra ritaði 6. eða 7. nóvember 2008 þar sem Ísland sagði sig frá vinnuferli sem ákveðið var á fundi fjármálaráðherra EES/ESB í Brussel 4. nóvember?*

Innihald bréfsins má nálgast á upplýsingasíðu stjórnvalda (skjal nr. 30) www.island.is.